

Launastefna Skútustaðahrepps

Launastefna Skútustaðahrepps er að greiða laun sem taka mið af þeim kröfum sem starfið gerir um þekkingu, hæfni og ábyrgð í samræmi við starfsmat og samrýmast gildandi lögum, reglum og kjarasamningum.

- Launastefnan er hluti af mannauðsstefnu Skútustaðahrepps
- Umfang og eðli starfs hefur áhrif á laun og ræðst af fjölmörgum þáttum, svo sem reynslu, þekkingu, hæfni, ábyrgð, álagi, mannaforráðum, menntun, samstarfshæfileikum, stjórnun og verkefnum.
- Forsendur launaákvæðana eru að þær séu í samræmi við launastefnu Skútustaðahrepps, studdar rökum og tryggi að sömu laun séu greidd fyrir sambærileg eða jafnverðmæt störf.
- Starfslýsingar skulu vera til fyrir öll störf. Þar skulu koma fram allir meginþættir starfs, svo sem kröfur um menntun, hæfni, reynslu og þá ábyrgð sem í starfinu felst.
- Skútustaðahreppur mun tryggja öllum starfsmönnum sínum jöfn laun og sömu kjör fyrir sömu eða jafnverðmæt störf þannig að ómálefnalegur launamunur sé ekki til staðar. Tryggja skal öllum jafna möguleika til starfa, ábyrgðar, launa, stöðuhækkana, endurmenntunar og starfsþjálfunar.

Samþykkt í sveitastjórn 11. desember 2019